

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 244/2016****2018/EES/56/29****frá 2. desember 2016****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/76/ESB frá 27. september 2011 um breytingu á tilskipun 1999/62/EB um álagningu gjalda á þungaflutninga-bifreiðar fyrir notkun á tilteknum grunnvirkjum ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Lið 18a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/62/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **32011 L 0076:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/76/ESB frá 27. september 2011 (Stjtið. ESB L 269, 14.10.2011, bls. 1).“

2. Eftirfarandi kemur í stað d-liðar og e-liðar:

„e) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við í 2. mgr. 7. gr. i:

„Heimila má beitingu núverandi fyrirkomulags afsláttar eða lækkunar á tollum fyrir reglulega notendur fyrirkomulags vegatolla sem þegar er til staðar, að því er varðar fyrirkomulag vegatolla á samevrópska vegakerfinu í öðrum hlutum Noregs en suðaustur-Noregi, á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2012 frá 13. júlí 2012 ⁽¹⁾ að því tilskildu að hlutfall alþjóðlegrar þungaflutningaumferðar á viðkomandi grunnvirkjaneti sé lægra en 30%.

Hvað varðar vegatollafyrirkomulag sem tekið er upp eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2012, má afsláttur eða lækkun tolls fyrir reglulega notendur vera hærri en þepið sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 7. gr. i þessarar tilskipunar, að því tilskildu að:

- hlutfall alþjóðlegrar þungaflutningaumferðar á viðkomandi grunnvirkjaneti sé ekki herra en 5%,
- að þrep slíks afsláttar eða lækkunar réttlætist af sérstökum aðstæðum, einkum þegar grunnvirkjanetið samanstendur af brúm eða göngum sem koma í staðinn fyrir ferju.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2012, bls. 8.“

3. F-liður er endurtölusettur sem d-liður og í stað „9. mgr. 7. gr.“ kemur „1. mgr. 7. gr.“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 269, 14.10.2011, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/76/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*Yfirlýsing EFTA-ríkjanna***vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 244/2016 sem tekur tilskipun 2011/76/ESB upp í EES-samninginn**

Upptaka b-liðar 2. gr., c-liðar 7. gr., 4. og 5. töluliðar 7. gr. f, iv. töluliðar 1. töluliðar 7. gr. g, 3. og 4. töluliðar 7. gr. h, 1. töluliðar 7. gr. 1, 3. og 4. töluliðar 7. gr. j, a- og d-liðar 1. töluliðar 11. gr. og III. viðauka a og III. viðauka b við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/62/EB frá 17. júní 1999 um álagningu gjalda á þungaflutningabifreiðar fyrir notkun á tilteknum grunnvirkjum ⁽²⁾ eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/76/ESB frá 27. september 2011 um breytingu á tilskipun 1999/62/EB um álagningu gjalda á þungaflutningabifreiðar fyrir notkun á tilteknum grunnvirkjum ⁽³⁾ er gerð með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins.

⁽²⁾ Stjúd. ESB L 187, 20.7.1999, bls. 42.

⁽³⁾ Stjúd. ESB L 269, 14.10.2011, bls. 1.